



# Landsmót íslenzkra stúdenta, dagskrá 17.-18. júní 1938

---

Bjarni Benediktsson – Landsmót íslenzkra stúdenta, dagskrá 17.-18. júní 1938

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



LANDSMÓT  
ÍSLENZKRA  
STÚDENTA

17.-18. JÚNÍ 1938

# Ávarp til íslenzkra stúdenta

**S**TÚDENTAFÉLAG REYKJAVÍKUR hefir í samráði við önnur stúdentafélög landsins ákveðið að boða til landsfundar allra íslenzkra stúdenta, ungra og gamalla, dagana 17. og 18. júní næstkomandi, og er til þess ætlast, að þessi fyrsti landsfundur íslenzkra stúdenta verði upphaf slikra móta, er haldin verði með nokkurra ára millibili, þar sem íslenzkir stúdentar komi saman til þess að ræða áhugamál sín.

- Þó að íslenzkir stúdentar hafi á öllum tímum timum haft rík áhrif á íslenzk stjórnmál og velferðarmál þjóðarinnar, er ekki boðað til þessa fundar til þess að ræða landsmál þau, sem nú eru efst á baugi, og skipta mönnum í andstæða stjórnmálflokka, heldur til þess að sameiri stúdenta, eldri og yngri, um réttindi sín og skyldur gagnvart þjóðinni.
- Með því að styrkja samtök sin og félagslíf ætti íslenzkum stúdentum að vera ljúft að beita áhrifum sínum til þess að milda andstæður þjóðfélagsins, og vera á verði um menningu og sjálfstæði þjóðarinnar.

- Pessi fyrsti landsfundur verður settur á Þingvöllum að morgni þess 17. júní og fara þar fram umræður um málefni stúdenta. Verður umræðunum haldið áfram næsta dag í Reykjavík og lyktar mótinu að kveldi þess 18. júní með sameiginlegum fagnaði allra stúdenta.

Reykjavík, 6. maí 1938.

Í undirbúningsnefnd:

Alexander Jóhannesson. Hörður Bjarnason.  
Kristján Guðlaugsson. Laufey Valdimarsdóttir.  
Ludvig Guðmundsson. Pálmi Hannesson.  
Ragnar Jóhannesson. Sigurður Eggerz.  
Sigurður Ólason. Þórunn Hafstein.



# Starfsskrá stúdentamótsins:

## 17. júní:

- Kl. 8,45 Stúdentar mæta við Austurvöll (allir með stúdentahúfur). Ekið í bílum til Pingvalla.
- Kl. 10 Formaður Stúdentafélags Reykjavíkur setur mótið, (á Lögbergi ef gott er veður). Kosinn forseti mótsins. Sungin hátiðaljóð stúdentamótsins. Kosnir starfsmenn þess (ritrarar).
- Kl. 10,30 Minni Íslands. Ræða: Sigurður Eggerz bæjarfógeti.
- Kl. 11 Gengið til dagskrár. I. mál: Hagsmunamál stúdenta; málshefjandi próf. Ólafur Lárusson. Málinu því næst visað til nefndar.
- Kl. 12 Hádegisverður í Valhöll. (Ræðuhöld). Hlé til kl. 2.
- Kl. 2 II. mál: Háskólinn og framtíð hans; málshefjandi: professor Alexander Jóhannesson. Málinu visað til nefndar. — III. mál: Félagsmál stúdenta; málshefjandi Ragnar Jóhannesson stud. mag. Málinu visað til nefndar.
- Kl. 3,30 Kaffihlé (sameiginleg kaffidrykkja, ræður, söngur).

Kl. 5 IV. mál: Skólamál; málshefjandi Lúðvig Guðmundsson skólastjóri. Mál-inu vísað til nefndar. — V.: Önnur mál, sem upp kynnu að verða borin.

Kl. 7 Kvöldverður í Valhöll. Hlé til kl. 10.

Kl. 10 Ekið til Reykjavíkur.

### 18. júní:

Kl. 10—12 Nefndir starfa.

Kl. 1 Stúdentar koma saman við Stúdentagarðinn, ganga fylktu liði um bæinn, með lúðrasveit i broddi fylkingar. Stað-næmst við Alþingishúsið.

Kl. 1,30 Próf. Sigurður Nordal flytur ávarp til stúdenta af svölum Alþingishússins. Lúðrasveit leikur nokkur lög.

Kl. 2 Hefst fundur að nýju í Oddfellow-húsinu.

Kl. 2—5 Umræður um dagskrármál, ályktanir, atkvæðagreiðslur. Því næst hlé til kl. 7.

Kl. 7 Hefst skilnaðarhóf mótsins að Hótel Borg. Stúdentamótinu slitið. Því næst dans fram eftir nóttu.



## *Til athugunar:*

Þáttökugjald mótsins er kr. 15,00. Innifalið því gjaldi eru ferðir til og frá Þingvöllum, hádegisverður og kvöldverður í Valhöll.

Aðgangur að skilnaðarhófinu, laugardaginn 18. júní, greiðist sérstaklega.




Tilkynningar um þáttöku í mótinu skulu vera komnar í hendur undirbúningsnefndar í síðasta lagi 10. júní n. k.



Skrifstofa undirbúningsnefndar er í Austurstræti 3, Reykjavík (sími 1712), og geta með fengið þar allar nánari upplýsingar um mótið.



Fyrri dagur mótsins, föstudagurinn 17. júní,  
að Þingvöllum.



Síðari dagur mótsins, laugardagurinn 18. júní,  
í Reykjavík.

STEINDÖRSPRENT H.F., REYKJAVÍK